

Mánudaginn 12. aprilmán.

Nr. 41/1885

Einar Þórðarson  
gegn  
Jóni Breiðfjörð.

## D ó m u r :

Hinn 27. nóvbr. 1884 gaf áfrýjandi þessa máls, prentsmiðjueigandi Einar Þórðarson, Eggert kaupmanni Gunnarssyni, sjálfsábyrgð fyrir 800 kr. upphæð, þannig, að hann skyldi greiða handhafa þessa ábyrgðarskjals nefnda upphæð eptir ávisun E. Gunnarssonar. Sama dag gaf Eggert Gunnarsson hinum stefnda, Jóni Breiðfjörð, þessa sjálfsábyrgð til tryggingar skuld, er hann átti Jóni Breiðfjörð að gjalda, að upphæð 800 kr. — Nú er Eggert Gunnarsson ekki stóð í skilum við Jón Breiðfjörð samkvæmt skuldabryjefi hans til Jóns, dags. 27. nóvbr. 1884, heimtaði Jón, að áfrýjandi greiddi sjer fjeð samkvæmt ábyrgðarskjalinu, en er Einar færðist undan að greiða, höfðaði hinn stefndi mál gegn honum fyrir bæjarþingi Reykjavíkur, og hlaut það þau úrslit með dómi, gengnum 12. novbr. f. á., að áfrýjandinn skyldi greiða hinum stefnda 800 kr. og 5<sup>o</sup>/<sub>10</sub> vexti af þeim frá sáttakærudegi.

Þessum dómi hefur Einar Þórðarson skotið til landsyfirdómsins með stefnu, dags. 5. desbr. f. á., og krafizt, að hann verði sýknaður af kærum og kröfum hins stefnda Jóns Breiðfjörðs í þessu máli, en hinn stefndi dæmdur til að greiða sjer málskostnað fyrir undir- og yfirdómi með einhverju hæfilegu eptir mati yfirdómsins. — Á hinn bóginn hefur hin stefndi krafizt, að und-

irrjettardómurinn verði staðfestur að öllu leyti, og áfrýjandinn skyldaður til að greiða sjer allan málskostnað við landsyfirdóminn að skaðlausu, og dæmdur í sekt fyrir ástæðulausa málsýfingu.

Áfrýjandi hefur lýst því yfir, að hann myndi ekki eptir, að hann hafi gefið Eggert umgetna sjálfsábyrgð. Slík yfirlýsing er ekki skýr og skorinorð neitun, og verður því ekki til greina tekin, eða áfrýjanda leyft að synja fyrir undirskript sína með eiði. Í annan stað hefur hann haldið því fram, að Eggert kaupmaður Gunnarsson hafi fengið hinum stefnda ábyrgðarskjalið til tryggingar og notkunar því aðeins að hann ekki stæði í skilum við hinn stefnda, en að engin sönnun sje fyrir því, að svo hafi ekki verið. —

En það, að hinn stefndi hefur í höndum áður um getið skuldabref Eggerts ókvittað, verður að álitast næg sönnun fyrir því, að skuldin sje stefnda ógreidd. Fyrir því verður að taka kröfu hins stefnda um, að áfrýjandi greiði honum 800 kr. með 5% vöxtum frá sáttakærudegi til greina. Svo ber honum og eptir þessum úrslitum málsins að greiða hinum stefnda málskostnað fyrir báðum dómum, er skal ákveðinn 40 krónur.

Því dæmist rjett að vera:

Áfrýjandi, prentsmiðjueigandi Einar Þórðarson, á að greiða hinum stefnda, hreppstjóra Jóni Breiðfjörð, 800 kr. og 5% vexti af þessari upphæð frá sáttakærudegi unz greitt er. —

Svo greiði hann og hinum stefnda í málskostnað fyrir báðum dómum 40 kr.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirting hans undir aðför að lögum.

Mánudaginn 3. maímán.

Nr. 5/1886

Hið opinbera  
gegn  
Ólafi Ólafssyni.

### D ó m u r :

Mál þetta, sem amtmaðurinn yfir norður- og austuramtínu hefur áfrýjað fyrir yfirdóminn, hefur að boði nefnds amtsmanns verið höfðað í hjeraði gegn hinum ákærða, Ólafi trjesmið Olafssyni á Kimbastöðum í Skagafirði, fyrir það, að hann hafi haft um hönd ólöglega lyfjaverzlun og brotið þannig gegn tilskipun 4. desbr. 1672, en með lögreglurjettardómi Skagafjarðarsýslu, uppkveðnum 23. nóvbr. f. á., var hinn kærði dæmdur sýkn af kæru hins opinbera, og skyldi allur málskostnaður greiðast úr opinberum sjóði.

Ákærði, sem um nokkurn tíma hefur fengizt við lækningar í Skagafirði, án þess þó að vera löggiltur til læknisstarfa, hefur kannazt við, að hann hafi um 2 ár haft homöopatisk meðöl um hönd, sem hann sumpart hafi pantað frá Kaupmannahöfn, sumpart fengið frá lyfjabúðinni í Reykjavík, og hafi hann hjálpað ýmsum mönnum um þessi meðöl þegar þeir hafi leitað til hans í því skyni, en hann hefur neitað, að hann hafi nokkurntíma haft þessi meðöl á boð-